



Fuglaverndarfélag Íslands
Hverfisgötu 105
101 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 4. desember 2018
Tilv.: UMH18110151/52-0

Efni: Fyrirspurn um áhrif aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum á náttúruvernd

Sæl,

Ráðuneytið þakkar bréf yðar með athugasemdum og fyrirspurn dags. 21. nóv. 2018. Meðfylgjandi eru svör við spurningum Fuglaverndar.

1. Er tryggt að framkvæmdir á vegum á áætlunarinnar spilli ekki öðrum hagsmunum í náttúruvernd?

Það er sérstaklega nefnt í áætluninni að loftslagsaðgerðir sem varða skógrækt og landnotkun eigi að taka tillit til sjónarmiða í náttúruvernd. Þar segir m.a.: "Einnig þarf að tryggja að átak á sviði kolefnisbindingar og endurheimtar votlendis sé unnið í víðtækri sátt og á þann hátt að það þjóni öðrum markmiðum sem best, s.s. á sviði náttúruverndar, líffræðilegrar fjölbreytni, atvinnusköpunar og styrkingar byggða. Þar þarf að taka tillit til margra sjónarmiða, en jafnframt ljóst að meiri líkur eru til árangurs ef aðgerðir skila fjölbættum ávinningi." Ráðuneytið telur einsýnt að margar aðgerðir á þessu sviði stuðli að náttúruvernd og framfylgd alþjóðlegra skuldbindinga Íslands á því sviði. Þannig á að tryggja betri vernd votlendis og minni framræslu, en einnig er stór hluti aðgerða í formi vistheimtar, þ.e. að stefnt er að endurheimt náttúrulegra vistkerfa og vistgerða sem tapast hafa, s.s. birkiskóga, gróins lands á auðnum og illa förmu landi og votlendis. Samningur S.þ. um líffræðilega fjölbreytni (CBD) hvetur t.d. bæði til verndar upprunalegra vistkerfa og búsvæða og endurheimtar raskaðra vistkerfa. Aðrar aðgerðir, s.s. nytjaskógrækt sem bindur kolefni, eiga að fara eftir almennum lögum um náttúruvernd, mat á umhverfisáhrifum o.s.frv.; aðgerðaáætlunin veitir engan afslátt af kröfum í lögum eða stefnu stjórnvalda á öðrum sviðum en loftslagsmálum.

2. Hefur verið brugðist við athugasemdum við framgöngu Íslendinga í skógræktarmálum á vettvangi alþjóðlegra samninga sem við eigum aðild að?

Já. Ráðuneytið hefur svarað athugasemdum sem hafa borist þessa efnis á grundvelli Bernarsamningsins og AEWA-samningsins.

3. Er búið að greina skörun kolefnisbindingar og náttúruverndar og tryggja að aðgerðir gegn loftslagsbreytingum styðji sem best við önnur markmið í náttúruvernd?

Unnið er að útfærslu aðgerða á sviði skógræktar og landnotkunar í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Þar hefur ráðherra lagt skýrar línur um að gætt sé sérstaklega að markmiðum í náttúruvernd, þannig að aðgerðir nái sem best fjölþættum árangri. Auðvitað kann þar eitthvað að orka tvímælis í framtíðinni þegar nákvæmari útfærsla liggur fyrir og aðgerðir eru hafnar. Ráðuneytið þiggur ábendingar þess efnis frá Fuglavernd og öðrum. Við endurheimt votlendis er t.d. gagnlegt að fá ábendingar um hvar endurheimt gagnist fuglalífi sem mest.

Almennt telur ráðuneytið að hagsmunir í loftslagsmálum og náttúruvernd eigi vel saman, þótt auðvitað þurfi alltaf að sýna árvekni varðandi einstaka aðgerðir þannig að sem best takist til í þeim efnum. Ísland hefur tapað langtærstum hluta upprunalegs skógar og kjarrlendis, meirihluta votlendis og um helming gróins lands og jarðvegs. Endurheimt vistkerfa og landgæða fer vel saman við nauðsyn þess að stöðva losun frá landi og binda kolefni úr andrúmslofti. Breytingar á landnotkun valda breytingum á fuglalífi sem öðru lífríki, en ráðuneytið mun leitast við að tryggja að þær breytingar verði til að styrkja náttúruvernd og uppfylla fjölþættar alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði umhverfismála. Ráðuneytið þakkar fyrirspurn og innlegg Fuglaverndar og þiggur samstarf og ábendingar eftir því sem framkvæmd aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum vindur fram.

Fyrir hönd ráðherra



Hugi Ólafsson